

Lirfan

Lirfan hjálpar nemendum að þróa keðju hugsanlegra afleiðinga sem aðgerð, aðstæður eða samskipti geta skapað.

Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar "Að læra gegnum samræður og samskipti" og "Að læra gegnum ígrundun og mat"

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta rannsakað (ó)fyrirséðar, (ó)væntar afleiðingar tiltekinna aðstæðna, samhengis eða tilvitnana.
- Skilja að mismunandi aðstæðum, athöfnum, tilvitnunum ... geta fylgt mismunandi (ó)fyrirséðar, (ó)væntar afleiðingar.
- Geta borið saman afleiðingar.
- Geta fært rök fyrir því að afleiðingar séu jákvæðar eða neikvæðar.

Tími

Tímalengd verkefnisins ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofanni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þú ættir þó að nota að lágmarki 20 mínútur í þetta verkefni.

Efni

Vinnublað 'Lirfan' (+ vefslóð)

Undirbúningur

Verkefnið er hægt að vinna innan kennslustofu eða í gegnum blandað nám. Búðu lirfuna til með bekknum í fyrsta skiptið svo að nemendur kynnist aðferðinni.

Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

1 Innlögn

Kynntu aðstæður, tilvitnun, staðreynd, reynslu ... sem tengist samfélagslegri áskorun. Þetta getur verið „raunveruleg“ staða eða ímynduð. Ræddu innihaldid stuttlega. Útskýrðu fyrir nemendum að þið munið skoða málið í sameiningu.

2 Kannaðu fyrstu afleiðingar

Skrifaðu aðstæðurnar/áskorunina (A) sem þú ætlar að kanna í stuttu máli á töflu eða flettitöflu. Teiknaðu hring - höfuð lirfunnar - utan um textann.

Hvað gæti gerst ef A ...?

Leyfðu nemendum að svara og velja eina af afleiðingunum. Ef A gerist, þá B Teiknaðu hring við hlið höfuðsins. Skrifaðu þessa fyrstu afleiðingu (B) í hringinn við hlið höfuðsins. Endurtaktu þetta hugsunarferli nokkrum sinnum.

Hvað gæti gerst ef B ...? Hver er afleiðing B?



Vinnuefni – Hugsun

Spryrðu nemendur hvers vegna eitthvað getur talist afleiðing: biðjið nemendur um að útskýra eða færa rök fyrir því. Biddu aðra nemendur að taka þátt í umræðunni.

Hver hugsar eins? Hver getur útskýrt þetta?


Keðja afleiðinga birtist í formi lirfunnar

Ábending


Með því að nota orðið „afleiðingar“ eða láta nemendur endurtaka setninguna „ef... þá“... verða röksemdafærslur ykkar og hugsanaferli skýr og greinileg. Þetta ferli styður einnig við þekkingu á eigin hugsun (e. Metacognitive skills).

Tökum dæmi:

Áskorun sem nemendur eru að ræða



Tökum dæmi: Börn eru skilin útundan í hádegismat



3 Að kljúfa lirfuna


Skoðaðu afleiðingakeðjuna. Íhugaðu fyrstu aðgerðina eða tilvitnunina. *Geturðu hugsað þér aðra möguleika? Hvað annað gæti gerst ef A ...?*

Teiknaðu auka hringi ef getið er um mismunandi afleiðingar einnar aðgerðar/aðstæðna. Þannig þróast og vex lirfan.

Í framhaldi geturðu beðið nemendurna að skoða hvað hægt sé að gera í þessari stöðu. Mögulega segir einn nemandi: Búum til vinakerfi fyrir „hádegismat“



Dæmi



Ábending

Ef nemendur hugsa um margar nýjar afleiðingar er hægt að búa til nýja lirfu og bera saman afleiðingar tveggja eða fleiri lirfa.

Leyfðu nemendum að teikna og þróa sína eigin lirfu á stafrænu borði eða á blaði. Ræðið síðan saman um mismunandi afleiðingar og hugmyndir. Berið saman lokaafleiðingar: Hvað gerist á endanum ef ... samkvæmt nemanda 1, nemanda 2 ...?

4 Fyrirspurn

Flettið í gegnum mismunandi „líkama lirfunnar“ og skoðið afleiðingakeðjurnar.

Hvaða afleiðingu telur þú jákvæða/neikvæða? Hvers vegna?

Litaðu afleiðingarnar grænar (jákvæðar) eða rauðar (neikvæðar).


Ertu sammála þessu? Eru mismunandi sjónarmið? Útskýra.

Komu fram afleiðingar sem þú bjóst ekki við? Hvers vegna eru þessar afleiðingar (ó)væntar?

Eru einhverjar óvilmjandi afleiðingar? Útskýra. Hugsar einhver öðruvísi um þessa áskorun/aðstæður/atburð?

Myndir þú breyta sjónarmiði þínu gagnvart þessum atburði/aðgerð/aðstæðum (í h) þegar þú horfir á allar þessar afleiðingar? Hvers vegna? Á hvaða tímapunkti í þessari atburðarás/afleiðingum gætir þú/við gripið inn í og breytt atburðarrásinni?

Dæmi



5 Ígrundun

Hvað lærðir þú af þessari hugsunaræfingu?

Er gagnlegt að rannsaka afleiðingar? Af hverju (ekki)? Hvað gerir það gagnlegt?

Fyrir hvaða önnur málefni myndir þú beita þessari hugsunaræfingu?

Frekari upplýsingar um mat og ígrundun má finna í námsþætti „[Að læra í gegnum ígrundun og mat](#)“

6 Fáðu fjölskylduna með!

Biddu nemendur þína um að teikna og fylla út lirfu og hugsa í leiðinni um aðstæður sem þeir upplifa heima. Bjóddu þeim að gera þetta ásamt fjölskyldunni.

Til dæmis: Hvað ef ég skrúfa fyrir kranann meðan ég bursta tennurnar? Ef ég skrúfa fyrir kranann meðan ég bursta tennurnar, þá...

Hvað ef ég leyfi bróður mínum að leika sér með leikföngin míni? Ef ég leyfi bróður mínum að leika sér með leikföngin míni, þá...

Finndu út hvernig á að kanna fleiri orsakir og afleiðingar með því að nota **vandamálatréð** í námsþættinum 'Að læra gegnum skipulagða ferla'.

